



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# IBRAGIMOVA SPILAR BRAHMS



**26. MAÍ 2017**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á [ruv.is](http://ruv.is).

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd verka:

Fiðlukonsert: 45'

Sinfónía: 50'

## Alina Ibragimova áritar geisladiska sína í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Tónleikarnir eru tileinkaðir minningu Björns Ólafssonar fiðluleikara, í tilefni þess að árið 2017 er öld liðin frá fæðingu hans. Björn var fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar og lék Brahmskonsertinn, sem hljómar á tónleikum kvöldsins, þrívægis með sveitinni.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

FOSS 26 MAI 19:30

---

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# IBRAGIMOVA SPILAR BRAHMS

---

**Yan Pascal Tortelier**  
hljómsveitarstjóri

---

**Alina Ibragimova**  
einleikari

---

---

## EFNISSKRÁ

Johannes Brahms  
**Fiðlukonsert í D-dúr op. 77** (1878)  
Allegro non troppo  
Adagio  
Allegro giocoso, ma non troppo vivace

---

## Hlé

Dmítríj Shostakovitsj  
**Sinfónía nr. 5 í d-moll, op. 47** (1937)  
Moderato  
Allegretto  
Largo  
Allegro non troppo

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# YAN PASCAL TORTELIER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**Y**an Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Fílharmónien í Ósló, Filarmonica della Scala í Milánó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Tortelier tók við stöðu aðalstjórnanda SÍ í september 2016 og mun stjórna sjö tónleikum á ári allt til ársins 2020. Í febrúar síðastliðnum var hann sæmdur heiðursorðu franska ríkisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskra tónlistar á heimsvísu.



---

# ALINA IBRAGIMOVA

## EINLEIKARI

**A**lina Ibragimova fæddist í Rússlandi árið 1985 og hóf fiðlunám við Gnessin-tónlistarskólann í Moskvu fimm ára gömul. Þegar hún var 10 ára fékk faðir hennar stöðu sem kontrabassaleikari við Sinfóníuhljómsveit Lundúna og þá hóf hún nám við Yehudi Menuhin-skólann þar sem móðir hennar fékk einnig kennarastöðu. Hún lék tvíkonsert Bachs ásamt Nicolu Benedetti undir stjórn Menuhins aðeins þremur mánuðum fyrir andlát þess síðastnefnda, og Ibragimova lék einnig við útför Menuhins í Westminster Abbey.

Alina Ibragimova þykir einn áhugaverðasti fiðuleikari sinnar kynslóðar og hefur haldið einleikstónleika m.a. í Wigmore Hall, Concertgebouw í Amsterdam, Musikverein í Vínarborg, Carnegie Hall í New York, og á tónlistarhátíðunum í Salzburg, Verbier og Aldeburgh. Hún hefur komið fram víða um heim ásamt píanistanum Cédric Tiberghien og sömuleiðis leikið með framúrskarandi hljómsveitum, til dæmis Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Cleveland og Philadelphia-hljómsveitunum, Þýsku kammerfílharmóníunni í Bremen og öllum hljómsveitum Breska útvarpsins, BBC. Hún starfar reglulega með Bernard Haitink, John Eliot Gardiner, Vladimir Jurowski, Hannu Lintu og Valeríj Gergiev. Hún flutti allar fiðlusónötur Beethovens í Wigmore Hall tónleikaárið 2009/10 og allar fiðlusónötur og partítur Bachs á Proms-hátíð Breska útvarpsins árið 2015, fyrir fullu húsi í Royal Albert Hall.

Ibragimova hefur hljóðritað fjölda hljómdiska fyrir Hyperion, m.a. allar fiðlusónötur Mozarts, fiðlusónötur Ysaÿes og fiðlukonserta Bachs. Síðastnefndi diskurinn var einmitt valinn diskur mánaðarins hjá BBC Music Magazine í desember 2015. Ibragimova hlaut MBE-orðu Bretadrottningar árið 2016 fyrir störf sín í þágu tónlistar. Hún leikur á fiðlu frá um 1775 eftir ítalska fiðlusmiðinn Anselmo Bellosio.



# JOHANNES BRAHMS

## FIÐLUKONSERT

Johannes Brahms (1833–1897) var eitt helsta tónskáld Þýskalands á síðari hluta 19. aldar og listsköpun hans var á sinn hátt mótvægi við framsæknari nálgun Liszts og Wagners hvað form og hljóma varðaði. Brahms var „klassíker“ því að tónlist hans einkennist af rökfestu og er mótuð í hefðbundin form. Hann samdi sinfóníur og einleikskonserta auk þess sem fé tónskáld 19. aldar iðkuðu kammertónsmíðar af slíkum móð sem hann. Eftir Brahms liggja píanótríó, kvartettar og kvintettar með og án píanós, strengjasextettar, fiðlu-, selló- og klarínetsónötur með píanómeðleik. Í öllum þessum verkum er hið gamalreynnda sönötuform lykill að framvindu tónlistarinnar og þannig sýndi Brahms að það væri enn gildur farvegur fyrir „abstrakt“ eða óhlutbundna tónsköpun.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fjöldmargir fiðluleikarar hafa spreytt sig á að leika Brahms-konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Björn Ólafsson lék einleik með hljómsveitinni 1954, 1962 og 1967, Wanda Wilkomirska 1964, Endré Gránát 1967, Aaron Rosand 1975, Guðný Guðmundsdóttir 1979, Pina Carmirelli 1981, Jean-Pierre Wallez 1983, Anne-Sophie Mutter 1985, Ernst Kovacic 1990, Sigrún Eðvaldsdóttir 1991, Katrine Buvarp 1995, Corey Cerovsek 1996, Joshua Bell 2003, Helga Þóra Björgvinsdóttir 2004 og Natasha Korsakova 2008. Einnig lék Sigrún Eðvaldsdóttir konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2002. Þetta er í fyrsta sinn sem konsertinn hljómar í Hörpu.

Fiðlukonsert Johannesar Brahms má fyrst og fremst þakka vináttu hans og samstarfi við fiðlusnillinginn og tónskáldið Joseph Joachim. Brahms var tvítugur að aldri þegar leiðir þeirra lágu fyrst saman og vinátta þeirra varði í meira en 30 ár. Aðeins einu sinni bar skugga á samband þeirra, þegar Brahms reyndi að miðla málum í vonlausu hjónabandi Joachims. Í kjölfarið fylgdu tímabundin vinslit allt þar til Brahms samdi konsertinn fyrir fiðlu og selló, og sendi Joachim sem sáttargjöf.

Joachim bað Brahms um að semja handa sér fiðlukonsert en þurfti að bíða lengi eftir verkinu. Eini konsertinn sem Brahms hafði samið fram til þessa, píanókonsertinn í d-moll, fékk afsöfnun vonda viðtökur við frumflutninginn 1859 og það var ekki fyrir en tæpum tuttugu árum síðar að Brahms réðist aftur til atlögu við konsertformið. Hann vann að fiðlukonsertinum í austurríska smábænum Pörschach sumarið 1878. Bænum lýsti hann eitt sinn á þennan hátt: „Hér fljúga svo margar laglínur um loftin blá að maður verður að vara sig á að stíga ekki á þær.“ Brahms átti hugmyndina að því að þeir Joachim ættu samvinnu varðandi lokagerð fiðluraddarinnar þar sem Brahms væri ekki sjálfur fiðluleikari. Joachim lagði þar margt til málanna eins og handrit verksins ber með sér. Fiðluröddin er útkrotuð með rauðu bleki þar sem Joachim taldi þörf á því að gera hana „fiðlulegri“.

Tónlist Brahms er glæsileg og tilfinningaþrungin. Brahms er ekki eitt þeirra tónskálda sem lætur fagra laglínur hljóma aftur og aftur í óbreyttri mynd. Hér er tónlistin þvert á móti í sífelldri þróun, úrvinnsla stefjanna hefst svo að segja í fyrsta takti og henni lýkur ekki fyrir en lokatakturnum er náð. Brahms gerir

miklar kröfur til einleikarans en rödd fiðlunnar er eigi að síður hluti af stærri heild. Eins og í fiðlukonsert Beethovens, sem var helsta viðmið Brahms við smíði verksins, er aldrei um að ræða innantómt virtúósítet. Hvert einasta hlaup þjónar þeim tilgangi að dýpka upplifun okkar á tónlistinni sjálfri.

Hægi kaflinn var upphaflega alls ekki hluti af konsertinum. Brahms hafði upphaflega hugsað sér verkið í fjórum þáttum, en ákvað síðan að klippa burt miðkaflana tvo, adagio og scherzo, og semja nýjan miðkafla í staðinn. Hægi kaflinn hefst á undurfallegu stefi í óbóinu, sem fiðlan skreytir með glitrandi tónaflúri.

Ungverski fiðluleikarinn Eduard Reményi kynnti Brahms fyrir tónlist heimalands síns þegar sá síðarnefndi var ungur að árum. Brahms varð svo heillaður af tónlist sígaunanna, ástríðufullri og leikandi í senn, að hann sótti til hennar innblástur hvað eftir annað, t.d. í *Ungverskum dónsum* fyrir hljómsveit, *Sígaunasöngvum* op. 103, strengjakvintett nr. 2 o.s.frv. Hinn síðskeggjaði og brúnaþungi Brahms er hér fyrirvaralaust kominn í dansskóna og stígur sígaunadans eins og unglamb, fullur af eldmóði og fjöri.

Tónleikarnir eru tileinkaðir minningu Björns Ólafssonar fiðluleikara (1917–1984), en í febrúar síðastliðnum var öld liðin frá fæðingu hans. Björn var konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar allt frá stofnun hennar 1950 og til ársins 1972. Hann lék fiðlukonsert Brahms þrívégis með sveitinni. Í viðtali við Vísi árið 1962, sem tekið var af því tilefni að Björn lék konsert Brahms í Háskólabíói, sagði hann meðal annars: „Það sem mestu máli skiptir í tónlistarmálum okkar í dag er að búa Sinfóníuhljómsveitinni örugga framtíð, því að hér er um að ræða þýðingarmikinn þátt í lífi okkar sem sjálfstæðrar menningarþjóðar. Við höfum ekki efni á að neita okkur um góða sinfóníuhljómsveit.“



# DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

## SINFÓNÍA NR. 5

Sjaldan hefur nokkurt tónskáld átt jafn mikið undir sviðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sinfónía Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) var flutt í fyrsta sinn í Leníngrad 21. nóvember 1937. Ráðamenn höfðu fylgst grannt með vandræðabarni sovéskrar tónlistar í tæp tvö ár, allt frá því að Jósef Stalín sá hina geysivinsælu óperu Shostakovitsj, *Lafði Makbeð frá Misensk*, 28. janúar 1936. Hann gekk út í miðri sýningu og á þeirri nóttu varð ferill Shostakovitsj að engu. Í *Prövd*u, málgagni kommúnistaflokksins, birtist nafnlaus leiðaragrein, sem talið er að Stalín hafi haft hönd í bagga með að semja: „Óreiða í stað tónlistar“. Greinin er miskunnarlaus árárs á Shostakovitsj og tónlist hans, og hún jafngilti opinberri fordæmingu.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt fimmtu sinfóníu Shostakovitsj níu sinnum áður, fyrst í Háskólabíói 1970 undir stjórn Bohdans Wodiczko. André Previn stýrði verkinu í Laugardalshöll tveimur árum síðar, en síðast flutti Sí sinfóníuna undir stjórn Vladímirs Ashkenazy í Hörpu haustið 2011. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands lék verkið á fyrstu tónleikum sínum, í Háskólabíói haustið 2009.

Í kjölfar árársarinnar í *Prövd*u var Shostakovitsj undir eftirliti og þess gætt að allt sem frá honum kæmi stæðist kröfur flokksins. Í desember 1936 var honum var gert að draga hina óvenjulegu fjórðu sinfóníu sína til baka, aðeins fáeinum dögum fyrir áætlaðan frumflutning. Yfirvöld heimtuðu að listamenn væru í takt við veruleika hinna vinnandi stétta og temdu sér það sem kallað var *sósíalrealismi* eða *félagslegt raunsei*. Raunsæistónverk átti að vera einfalt að gerð og uppsetningu, það átti að göfga alþýðuna og blása henni þrek í brjóst. Andstæða slíkrar listar var *formalismi*, þar sem form var tjáningu yfisterkara eða tónmálið of torskilið fyrir alþýðu manna. Formalismi varð helsta skammaryrði stjórnvalda um tónlist sem talin var óaðgengileg sovéskum verkalyð, með of mörgum ómstríðum tónum eða of fáum glaðværum köflum í dúr.

Um mitt ár 1937 hafði Shostakovitsj lokið við nýja sinfóníu, þá fimmtu, sem hann kallaði „listrænt svar sovésk listamanns við réttmætri gagnrýni“. Á yfirborðinu er sinfónían áheyrileg og henni lýkur með tilþrifamiklum dúrkafla, en þó er ekki allt sem sýnist. Fyrstu þrjú þættirnir eru allir hádramatískir, hver á sinn hátt, og oft bregður fyrir nístandi sársauka. Það er ekki fyrr en í lokaþættinum sem tekur að rofa til, en þó ekki nærri strax. Kaflinn hefst með hamangangi en smám saman breytir tónlistin um svip, verður tignarleg og björt eins og langþráður sigur sé í höfn. Slíka framvindu gátu forráðamenn flokksins túlkað eftir eigin höfði – hið vegvillta tónskáld hafði séð ljósið, ýtt hinum illa séða „formalisma“ til hliðar. Þó hafa margir bent á að síðustu blaðsíðurnar eru ekki jafnglaðlegar og ætla mætti heldur eru þær knúnar áfram af ógnvænlegri undiröldu. Meðan málmbláasarar



leikja hetjumúsík eins og þeir eigi lífið að leysa hamast strengir, tréblásarar og píanó á sömu nóttunni 252 sinnum. Sigurgleðin virðist fölsk, undir niðri býr ógn og kúgun.

Fræðimenn hafa undantekningarlaust látið í ljós efasemdir um að „endurminningabók“ Shostakovitsj, *Testimony*, sem Solomon Volkov setti saman og gaf út 1979, sé í raun byggð á viðtölum höfundar við tónskáldið. Of langt er að rekja það mál hér, en eitthvað virðist Volkov hafa að fela enda hefur hann ekkert viljað veita svör við áleitnum spurningum um tilurð bókarinnar. Þó er oft vitnað í *Testimony* þegar kemur að lýsingu höfundarins á lokakafli fimmtu símfóníunnar, enda er hún áhugaverð og í sjálfu sér trúverðug hvað sem öðru líður:

Ég held að það sé öllum ljóst hvað gerist í fimmtu símfóníunni. Fögnuðurinn er þvingaður, hann verður til af ógn, rétt eins og í *Boris Godúnov* [óperu Músorgskíjs]. Það er eins og einhver berji þig með kylfu og segi: „Þú átt að fagna, þú átt að fagna“, og þú stendur skjálfandi á fætur, þrammar á brott og muldrar: „Ég á að fagna, ég á að fagna“. Hvers konar lokasigur er það? Sá sem ekki heyrir þetta hlýtur að vera algjör heimskingi.

Með fimmtu símfóníunni fann Shostakovitsj eins konar meðalveg. Hann hafði samið tónverk sem féll sovéskum yfirvöldum í geð en speglaði um leið þann veruleika sem hann og milljónir annarra bjuggu við.

*Árni Heimir Ingólfsson*

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

26. MAÍ 2017

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Andrzej Kleina  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Pascal La Rosa  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Þórdís Stross  
Dóra Björgvinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Roland Hartwell  
Gunnhildur Daðadóttir  
Hlín Erlendsdóttir

## VÍÓLA

Daniel Schmitt  
Svava Bernharðsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Vigdís Másdóttir  
Stefanía Ólafsdóttir

## SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Ólöf Sigursveinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Jennifer Warren  
Þórir Jóhannsson  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Felicia Greciuc  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Leendert Booyens  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar St. Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Baldvin Oddsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómssveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# 2017/2018



## NÝTT STARFSÁR KYNNT TIL LEIKS SINFONIA.IS

Í næstu viku munum við kynna næsta starfsár til leiks. Kynningarbæklingur verður borinn í hús til áskrifenda og endurnýjun hefst 1. júní. Sala nýrra áskrifta hefst í miðasölu Hörpu og á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) 6. júní.

Miðasala í Hörpu / [sinfonia.is](http://sinfonia.is) / [harpa.is](http://harpa.is) / 528 50 50

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**